



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Aðalfundur SSH 2016

Fundargerð

40. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

40. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) var haldinn föstudaginn 2. desember 2016 í Fagralundi við Furugrund í Kópavogi og hófst fundurinn kl. 13:00.

SKRÁNING OG AFHENDING FUNDARGAGNA

FUNDARSETNING OG KOSNING EMBÆTTISMANNA FUNDARINS

Dagur B. Eggertsson, formaður stjórnar SSH, setti fund og og stýrði kjöri fundarstjóra og ritara.

Fundarstjóri var kjörin Theodóra S. Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogi. Fundarritari var kjörinn Pálmi Þór Mátsson, bæjarritari í Kópavogi.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og bauð fundarmenn velkomna.

Áður en gengið var til formlegrar dagskrár hélt fulltrúi gestgjafans, Margrét Friðriksdóttir forseti bæjarstjórnar Kópavogs, stutt ávarp.

ALMENN AÐALFUNDARSTÖRF

1. Skýrsla stjórnar.

Dagur B. Eggertsson, stjórnarformaður SSH, flytur skýrslu stjórnar.

Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar

2. Ársreikningur 2015 og fjárhagsáætlun 2017.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH fer yfir ársreikning 2015 og kynnir fjárhagsáætlun 2017.

Afgreiðsla: Ársreikningur og fjárhagsáætlun lögð fram til kynningar.

3. Tillaga um árgjald aðildarsveitarfélaganna 2017.

Aðalfundur SSH samþykkir, með vísan í 9. gr. samþykkt SSH, að árgjald aðildarsveitarfélaganna fyrir árið 2017 verði 45 kr. á hvern íbúa.

Tillaga Gunnars Einarssonar bæjarstjóra Garðabæjar og Theódóru S. Þorsteinsdóttur bæjarfulltrúa Kópavogi:

„Breyting verði gerð á stjórnkerfi og stjórnskipulagi byggðasamlaganna Strætó, Sorpu og SHS á þann hátt að stofnað verði eitt móðurfélag, „Byggðasamlagið“ og þrjú rekstrarfélög sem hvert um sig haldi utan um rekstur eins af núverandi byggðasamlögum. Stoðþjónusta eins og bókhald, fjármál, mannauðsmál og rekstur upplýsingatækniakerfa verði sameiginleg fyrir rekstrarfélögin þrjú.“

Afgreiðsla: Samþykkt að vísa málinu til stjórnar SSH.

Umræður opnaðar um skýrslu stjórnar, ársreikning 2015, fjárhagsáætlun 2017 og fyrirbyggjandi tillögur.

Til máls tóku:

Karen E. Halldórsdóttir, Kópavogur

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur

Bryndís Haraldsdóttir, Mosfellsbær

Hafsteinn Pálsson, Mosfellbær

Halldór Halldórsson, Reykjavík

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur

Haraldur Sverrisson, Mosfellsbær

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs

Gunnar Einarsson, Garðabær

Bryndís Haraldsdóttir, Mosfellsbær

Skúli Helgason, Reykjavík

Margrét Friðriksdóttir, Kópavogsbær

Gunnar Einarsson, Garðabær

Rósa Guðbjartsdóttir, Hafnarfjörður

Halldór Auðar Svansson, stjórnarform. Sorpu

Halldór Halldórsson, Reykjavík

Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri Kópavogs

Sigrún Edda Jónsdóttir, Seltjarnarnesi

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Seltjarnarnesi

Karl Björnsson, Samband íslenskra sveitarfélaga

Guðlaug Kristjánsdóttir, Hafnarfjörður

Karl Björnsson, Samband íslenskra sveitarfélaga

Skúli Helgason, Reykjavík

Eygló Harðardóttir, Velferðarráðherra

Bókun aðalfundar:

„Aðalfundur SSH 2. des 2016 tekur heilshugar undir samþykkt stjórnar SSH frá 11. janúar þar sem mótmælt er fyrirhugaðri skiptingu á einskiptisgreiðslum til sveitarfélaganna vegna tekjuskereðingar í kjölfar skattleysis séreignarsparnaðar.

Fundurinn telur með öllu ólíðandi að því fjármagni sem ætlað er til að bæta sveitarfélögunum tekjumissi verði skipt með öðrum hætti en tekjutap þeirra gefur tilefni til. Aðalfundurinn hvetur þingmenn Reykjavíkurborgar og suðvesturkjördæmis að standa vörð um hagsmuni sveitarfélaga SSH í þessu máli.“

4. Kosning endurskoðanda og tveggja skoðunarmanna.

Tillaga kom fram um að skoðunarmenn verði:

Heiða Björg Hilmisdóttir, Reykjavíkurborg og Gunnar Valur Gíslason, Garðabæ.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

Tillaga kom fram um að endurskoðandi verði:

KPMG endurskoðun.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

5. Tillaga að breytingu á samþykktum SSH – áheyrnarfulltrúar í fulltrúaráði SSH.

Sigrún Pálsdóttir kynnti tillöguna, sem var dreift til fundaramanna.

Til máls tóku:

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða

KAFFIHLÉ

Almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu

Borgarlínan – undirbúningur að innleiðingu hágæða almenningssamgangna

a) Undirritun samkomulags sveitarfélaganna, sem liggur fyrir á fundinum.

Allir undirrita nema Gunnar Einarsson bæjarstjóri Garðabæjar en Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður bæjarráðs Garðabæjar kemur í stað hans.

b) Verkefni framundan á grundvelli samkomulagsins

a. Skipulagsþáttur – Hrafnkell Á Proppé, svæðisskipulagsstjóri.

b. Lagarammi og umgjörð – helstu álitamál; Guðjón Bragason, Samband íslenskra sveitarfélaga.

c. Gagnaöflun vegna fjárhagslegra og tæknilegra þátta: Eyjólfur Árni Rafnsson verkefnisstjóri.

Umræður í kjölfar framsöguenda

Til máls tóku:

Hjálmar Sveinsson borgarfulltrúi Reykjavík

Bryndís Haraldsdóttir bæjarfulltrúi Mosfellsbæ

Bjarni Torfi Álfþórsson forseti bæjarstjórnar Seltjarnarnesi

Dagur B. Eggerts heldur lokaræðu sem fráfarandi formaður SSH og afhendir Ármanni Kr. Ólafssyni nýjum formanni SSH míkrafóninn sem tákn um stöðu sína sem nýjan formann. Ármann heldur ræðu og slítur fundinum.

Fundi slitið kl. 17:00

FUNDARSLIT, VEITINGAR Í BOÐI KÓPAVOGS

Fundarritari

Pálmi Þór Másson,
bæjarritari í Kópavogi